



**61. fundur Byggðaráðs Múlapings  
haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, Lyngási 12 Egilsstöðum, þriðjudaginn 27.  
september 2022  
og hófst hann kl. 10:00**

**Fundinn sátu:**

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnsýslusviði

**Dagskrá:**

**1. 202201015 - Fjármál 2022**

Fjármálastjóri fór yfir og kynnti mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

**2. 202204221 - Fjárhagsáætlun Múlapings 2023 - 2026**

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir stöðu vinnu fjárhagsáætlunar Múlapings 2023 og þriggja ára áætlunar 2024 til 2026 á grundvelli rammaáætlunar sem samþykkt var af sveitarstjórn 29. júní 2022.

**3. 202209144 - Sænautasel**

Fyrir liggur minnisblað þar sem fram kemur að núverandi rekstraraðili Sænautasels mun hætta rekstri frá og með hausti í ár. Einnig kom fram að nýr rekstraraðili er tilbúinn til að taka að sér reksturinn næstu tvö árin á sömu forsendum og verið hefur samkvæmt gildandi samningi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings þakkar Lilju Óladóttur það góða starf er hún hefur sinnt sem rekstraraðili Sænautasels undanfarin þrjátíu ár. Jafnframt samþykkir byggðaráð að samið verði við Björn Hall Gunnarsson um rekstur Sænautasels næstu tvö árin á sömu forsendum og verið hefur samkvæmt gildandi samningi. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við viðkomandi fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu

**4. 202103144 - Staðfesting á stofnframlagi sveitarfélags**

Fjármálastjóri og sveitarstjóri gerðu grein fyrir samskiptum við fulltrúa Brák leigufélags varðandi greiðslu stofnframlags vegna fyrirhugaðra framkvæmda á vegum félagsins í Selbrún í Fellabæ.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð samþykkir að, í samræmi við lög um almennar íbúðir nr. 52/2016, greiði sveitarfélagið nú 50% stofnframlags sveitarfélagsins vegna byggingar íbúða á vegum leigufélagsins Brák í Selbrún í Fellabæ.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu

**5. 202111080 - Menningarstyrkir 2022**

Fyrir liggja drög að úthlutun menningarstyrkja Múlaþings (seinni úthlutun) sem eru ætlaðir fyrir verkefni sem gerast á síðari hluta ársins 2022. Sótt var um: 16.615.850 kr. Heildarkostnaður verkefna nemur 49.730.100 kr.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að úthlutun menningarstyrkja, samtals að fjárhæð 1.925.000 kr., og felur verkefnastjóra menningarmála að koma úthlutunum í framkvæmd.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Gestir**

Heiðís Hólm Guðmundsdóttir - 11:10

**6. 202201134 - Almannaþingarnefnd í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi - fundargerðir 2022**

Fyrir liggur fundargerð Almannaþingarnefndar í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi, dags. 19.09.2022.

Lagt fram til kynningar.

**7. 202209174 - Boð um þátttöku í samráði, Drög að upplýsingastefnu stjórnvalda, samráðsgátt**

Fyrir liggur til umsagnar drög að upplýsingastefnu stjórnvalda.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi drög að upplýsingastefnu stjórnvalda

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**8. 202209148 - Aldarafmæli Seyðisfjarðarkirkju, styrkbeiðni**

Fyrir liggur styrkbeiðni vegna 100 ára afmælis Seyðisfjarðarkirkju.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð felur sveitarstjóra að afla frekari upplýsinga varðandi mögulega styrkveitingu vegna 100 ára afmælis Seyðisfjarðarkirkju. Er nánari upplýsingar liggja fyrir verður málið tekið til afgreiðslu í byggðaráði.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.



**9. 202209164 - LungA hátíðin, styrkbeiðni**

Fyrir liggur styrkbeiðni frá framkvæmdastýru LungA vegna LungA hátíðarinnar. Sveitarstjóri gerði einnig grein fyrir samskiptum við ráðherra mennta- og menningarmála vegna málsins.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð felur sveitarstjóra að afla frekari upplýsinga varðandi viðbótarstyrk vegna LungA hátíðarinnar. Er nánari upplýsingar liggja fyrir verður málið tekið til afgreiðslu í byggðaráði.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**10. 202209189 - Efling námstækifæra í ME og Múlaþingi**

Inn á fundinn komu fulltrúar Menntaskólans á Egilsstöðum, þau Árni Ólason og Bergþóra Arnórsdóttir og fóru yfir stöðu og þróun námstækifæra í Múlaþingi er tengist möguleikum skólans til að bjóða upp á iðn-og verknám.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings þakkar fulltrúum Menntaskólans á Egilsstöðum áhugaverða kynningu og lýsir yfir stuðningi við þær áherslur er fyrirhugað er að vinna samkvæmt.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Gestir**

Árni Ólason og Bergþóra Arnórsdóttir - 11:35

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30**

